

34. aðalfundur Landssambands smábátæigenda

Tillögur til allsherjarnefndar frá svæðisfélögum

Efnisyfirlit

Sameining veiðikerfa.....	1
Heildarendurskoðun á regluverki.....	1
Stjórn Eldingar ályktar í október 2018.....	2
Stuðningsyfirlýsingar.....	2
Veiðigjald	3
Veiðileyfagjald	4
Byggðakvóti.....	4
Lokun / opnun veiðisvæða	5
Hrygningarstopp	6
Rannsóknir	7
Öryggismál	7
Markaðsmál.....	8
Gjöld	8
Vigtun afla	9
Undanþága á veiðiskyldu	9
Eftirlit	9
Loftslagsmál.....	10
Félagsstarfsemi og skipulag aðalfundar.....	10
Breytingar á samþykktum LS	10

Sameining veiðikerfa

1. Str.v.f. Krókur hafnar öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks- og krókaflamarkskerfanna.

Heildarendurskoðun á regluverki

2. Skalli lýsir áhyggjum yfir stórkostlegu ábyrgðarleysi starfshóps (um faglega heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiði- og verndunarsvæða á Íslandsmiðum) að leggja til að stærðarmörk fiskiskipa m.t.t.

aðgang að veiðisvæðum skuli afnuminn.

Með tillögunni er ráðist að útgerð smábáta með því að heimila aflmiklum togskipum veiðar á grunnslóð sem hefð er fyrir að smábátar nýta. Ennfremur væri viðkvæmu lífríki grunnslóðar raskað með beitingu togveiðarfæra á botn þar sem sjónarmið stjórnvalda um ábyrgar fiskveiðar er kastað fyrir róða.

Stjórn Eldingar ályktar í október 2018

3. Starfshópur um faglega heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum, hugmyndir um kvótasetningu á grásleppu, kvótasetningu á hlýra, veiðigjöld og reynsluna af kvótasetningu á makríl.

„Það er skoðun stjórnarinnar að aðgerðir og hugmyndir sem að koma fram í þessum málum bera með sér að það á að þrengja að smábátum og einstaklingsútgerðinni en í mörgum tilvikum liðkað fyrir stærri fyrirtækjum. Við teljum að það verði að líta á alla þætti í útgerð með tilliti til hvers annars. Veiðigjald er ekki hægt að líta á sem einangrað mál óháð veiðistjórnun.

Í skýrslu starfshópsins eru gerðar tillögur um heftan aðgang að miðum næst landi þar sem líklegra er að smábátar stundi veiðar, en í sömu skýrslu eru tillögur um aukið frjálsræði um val á möskvastærð í togveiðarfærum, stækkun báta innan 12 mílna og opnun hólfa. Eftir lestur skýrslunnar kemur upp í hugann ein setning „**hirðum aðeins besta bitann**“.

Varðandi kvótasetningu á hlýra (meira að gera með líf bankanna en lífið í sjónum) og hugmyndir um kvótasetningu á grásleppu, minnum við á að það kostar um 4.000 kr. að færa aflaheimildir á milli báta, margir verða með kvóta undir 100 kg. Það er því enginn hagur fyrir þessa aðila að flytja heimildir á milli sín, fiskinum er því ýmist hent eða kvótinn brennur inni.

Um veiðigjöld hefur margoft verið bent á að útgerð án vinnslu á ekki samleið með fyrirtækjum í fjölbreyttum rekstri.

Reynslan af kvótasetningu makríls á smábáta er skólabókardæmi um misheppnaða aðgerð, þar sem að tekinn var af smábátum víða um land möguleikinn til að leita að makríl á sínum heimamiðum og möguleika vinnslunnar til að gera sína afurð úr makríl. Það væri miklu meira vitað um útbreiðslu makríls á grunnslóð ef hann hefði ekki verið kvótasettur.

Stuðningsyfirlýsingar

4. Snæfell lýsir yfir fullum stuðningi við aflamarkskerfið.
5. Elding varar eindregið við því að hvalveiðum verði hætt.
6. Félag smábátaeigenda á Austurlandi lýsir fullum stuðningi við hvalveiðar.

Veiðigjald

7. Sæljón mótmælir harðlega álögðu veiðigjaldi og krefst þess að það verði endurskoðað.

Greinargerð

Veiðigjaldið er skattlagning og skattlagning verður að vera réttlætanleg, svo sá sem hana greiðir láti sig hafa það, þó súrt sé. Forsendur fyrir útreikningi eru rangar og þess vegna þarf ekki að spyrja um útkomuna.

8. Strandir leggur til að veiðigjald verði prósentu af aflaverðmæti, en ekki föst krónutala eins og nú er.
9. Snæfell harmar að svo mjög hafi dregist að lækka veiðigjöldin. Sú lækkun sem boðuð var síðasta vetur virðist hafa verið sjónarspil stjórnvalda og sá skrípaleikur er ríkisstjórninni mjög til minnkunar.
10. Snæfell brýnir forystu LS til að berjast með kjafti og klóm fyrir stórfelldri lækkun veiðigjalda.
11. Skalli telur ný framkomið frumvarp um veiðigjald vera til bóta en saknar þess sárlega að ekki skuli tekið sérstaklega á vanda lítilla og meðalstórra útgerða.

Krafa Skalla er að staðið verði við ákvæði í frumvarpi atvinnuveganefndar í júní sl. um leiðréttingu gjaldsins á nýliðnu fiskveiðiári.
12. Smábátafélag Reykjavíkur krefst tafarlausrar lækkunar veiðigjalda og að þau taki mið af afkomu einstakra fyrirtækja en ekki meðaltalsafkomu í sjávarútveginum. Þá gerir fundurinn þá kröfu að veiðigjöldin verði ákveðin prósentu af aflaverðmæti, sem dregið er af við uppgjör afla.
13. Str.v.f. Krókur leggur til að greiðsla veiðigjalds verði færð til fyrra horfs, þ.e. að handhafar veiðiheimilda greiði veiðigjöld.

14. Str.v.f. Krókur leggur til að smærri og meðalstórar útgerðir, sem landa á markað, fái verulegan afslátt af veiðigjöldum.
15. Elding harmar að frumvarp það sem lagt var fyrir Alþingi síðastliðið vor um veiðigjöld hafi ekki hlotið brautargengi. Frumvarpið hefði leiðrétt hlut smábátaútgerðar í gjaldinu, en það er mikið réttlætismál.

Elding skorar því á Alþingi að leiðrétta nú þegar hlut smábáta í veiðigjaldinu frá og með fiskveiðiárinu 17 / 18.
16. Drangey fagnar áformum stjórnvalda um einföldun á útreikningum og viðmiðunum veiðigjalda. Hins vegar er skorað á Alþingi að hækka frítekjumark í 40% af fyrstu 5 m.kr. aflaverðmætis og 20% af næstu 4 m.kr. þess.
17. Báran leggur til að veiðigjald taki mið af afkomu hvers útgerðarflokks.
17. Árborg hvetur stjórnvöld til að lækka veiðigjöld á litlar og meðalstórar útgerðir þar sem veiðigjöld eru að keyra útgerðum í strand.
19. Félag smábátaeigenda á Austurlandi telur að veiðigjöld skuli lögð á af hófsemi þannig að allir útgerðarflokkar séu skattlagðir af skynsemi en ekki af óhóflegri græðgi hins opinbera. Það er veruleg hættu á að ef veiðigjöld verði óbreytt á minnstu útgerðirnar munu margar þeirra lenda í rekstrarvanda sem gæti leitt til gjaldþrots þeirra með tilheyrandi byggðaröskun og atvinnuleysi.

Veiðileyfagjald

20. Sæljón skorar á stjórnvöld að fella niður sérstakt gjald á virkjun veiðileyfa við strandveiðar. Afkoma veiðanna býður ekki upp á að þær séu skattlagðar sértaklega umfram gjöld til annarra veiða.
21. Smábátafélag Reykjavíkurkrefst þess að veiðileyfagjöld verði leiðrétt fyrir fiskveiðiárið 2017/2018.

Byggðakvóti

22. Skalli leggur til að byggðakvóta verði eingöngu úthlutað til dagróðrabáta í eigu aðila sem hafa lögheimili í byggðarlaginu.
23. Reykjanes leggur til að byggðakvóti verði ekki skilyrtur til afhendingar í beinum viðskiptum til vinnslu á sama stað og honum er úthlutað.

Greinargerð.

Með þessu skilyrði er gengið fram hjá fiskmörkuðum sem gegna lykilhlutverki í verðmyndun afla hjá útgerðum án vinnslu.

Lokun / opnun veiðisvæða

24. Sæljón mótmælir harðlega nýlegum tillögum að svæðalokunum á grunnslóð í Faxaflóa. Tillögurnar ganga að handfæraveiðum dauðum í Faxaflóa. Það má aldrei verða að sjávarútvegsráðherra geri slíkar tillögur að sínum og útrými þar með að stórum hluta vistvænum veiðum í Faxaflóa.



25. Snæfell telur að reglugerðarhólf skuli opnuð tafarlaust og að sjávarútvegsráðuneytið skuli hafa samráð við heimamenn um lokanir.
26. Snæfell telur að ekki skuli beita reglugerðarlokunum eða skyndilokunum á handfæraveiðar.
27. Klettur leggur það til við 34. aðalfund LS að mótmælt verði harðlega öllum hugmyndum um lokun svæða fyrir handfæraveiðum eins og fram kemur í skýrslu starfshóps um faglega endurskoðun varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum.

28. Fontur mótmælir niðurstöðum starfshóps í skýrslu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra varðandi lokun svæða fyrir handfæraveiðum.
29. Báran mótmælir harðlega framkomnum tillögum um lokun veiðisvæða í Faxaflóa fyrir veiðum með handfærum og línu.
30. Félag smábátæigenda á Austurlandi gerir athugasemdir við tillögur starfshóps um veiðarfæri, veiði- og verndarsvæði að lokunum fyrir handfæraveiðum. Stærð lokunarsvæðanna er ákvörðuð af sögu skyndilokana árin 2013, 2015 og 2016. Krafa fundarins er að engar lokanir verði án undangenginna aldursgreiningar og stærðarmælinga á þeim fiski sem á að loka á. Líklegt er að fiskur sem var of smár 2013 hafi vaxið og þyngst og hugsanlega farið af lokunarsvæðinu. Lagt er til að ef farið verði að tillögum hópsins um lokanir fyrir handfæraveiðum við og suður af Glettinganesi að í stað 15. maí komi 1. júní, sem upphafstími lokunar. Ástæðan er sú að í maímánuði má oftast finna góðan fisk á blettum innan fyrirhugaðs lokunarsvæðis. Bent skal á að þessi svæði falla undir lokun vegna hrygningarstopps frá 15. apríl til 30. apríl.
31. Félag smábátæigenda á Austurlandi krefst þess að suðurmörk „skáps“ norðan Glettinganess verði færð norður í Ósafles og leggur til að mörk svæðisins verði við Ósafles 65°37,4 - 13°54,8 og þaðan til NNA í stað 65°45,00 – 13°48,0 síðan réttvísandi til austurs að 12 mílna mörkum. Í dag er skipum í flokki 2 og 3, þ.e. skipum styttri en 42 metrar og með aflvísi lægri en 2500, heimilar togveiðar allt inn að 6 sml. norðan línu réttvísandi austur úr Glettinganesi 65°30,5, samanber lög nr. 79 26. maí 1997 um fiskveiðilandhelgi Íslands.
Flokkar 2 og 3:
B.3. Allt árið utan línu sem dregin er 6 sjómíllur utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms. 13... 65°30,50) allt árið. Það er með öllu óskiljanlegt að togveiðar skulu vera heimilar svo nærri landi á viðkvæmum svæðum, svo viðkvæmum að í yfirlit mikilli skýrslu starfshóps um endurskoðun á veiðarfærum – veiði- og verndarsvæðum, er talin þörf á að vernda nærliggjandi svæði fyrir handfæraveiðum.

Hrygningarstopp

32. Snæfell leggur til að hrygningarstoppi við Breiðafjörð ljúki 11. apríl ár hvert.

33. Smábátafélag Reykjavíkur vill að handfæraveiðar verði undanþegnar hrygningarstoppi.
34. Reykjanes leggur til að opnun veiðisvæðis fyrir botntroll vestur frá Sandgerði og suður af Grindavík verði frestað til 1. júní ár hvert.

Greinargerð.

Hrygningartímabili þorsks er ekki lokið þann 1. maí.

Rannsóknir

35. Snæfell skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum, og hvaða áhrif það hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskiseiða.
36. Skalli telur að auka þurfi rannsóknir á hrognkelsum og efast einnig að forsendur veiðiráðgjafar þar sem hún byggir aðeins á um þúsund veiddum grásleppum á sl. ári.

Öryggismál

37. Snæfell telur brýnt að efla öryggi sjómanna.
38. Snæfell skorar á Samgöngustofu að nöfn báta séu rétt skráð á AIS. Ella fái þeir bátar ekki haffærisskírteini.
39. Str.v.f. Krókur leggur til að leyfð verði notkun belgja (sem valmöguleika) á grásleppuveiðum.
40. Str.v.f. Krókur leggur til að sóst verði eftir reglugerðarbreytingu í strandveiðikerfinu svo bátar geti nýtt sér „VSS Trackwell App“ til að tilkynna sig úr höfn.
41. Str.v.f. Krókur leggur til að LS beiti sér fyrir betri vinnubrögðum hjá LHG og/eða að LHG bæti AIS kerfið. Fráleitt að hlusta á menn rekna frá landi einn daginn og að landi þann næsta.

42. Drangey ítrekar fyrri samþykktir sínar um tafarlaugar endurbætur á hafnarmannvirkjum í Hofsósi.

Markaðsmál

43. Snæfell skorar á sjávarútvegsráðherra að reyna með öllum ráðum að opna fyrir viðskipti við Rússland hið fyrsta.
44. Klettur leggur það til við 34. aðalfund LS, að krafist verði möguleika fyrir kvótalitlar útgerðir, að heimilt verði að flytja leigukvóta á milli ára. Ófremdarástand skapast oft í byrjun fiskveiðiárs á leigumörkuðum og það er alltof algengt að bátar þurfa frá veiðum að hverfa vegna erfiðleika við að fá heimildir. Með því að heimila flutning á leiguheimildum milli ára mætti koma í veg fyrir slík vandræði. Æskilegast væri þó að flutningi heimilda milli ára myndi fylgja rík veiðiskylda til þess að koma í veg fyrir möguleika á braski með heimildir.
45. Klettur leggur það til við 34. aðalfund LS að mótmælt verði öllum hugmyndum um stórfellt laxeldi í opnum kvíum á Eyjafirði.

Gjöld

46. Smábátafélag Reykjavíkur leggur til að VS afli verður eitt tímabil á fiskveiðiárinu.
47. Reykjanes leggur til að stjórn LS skipi 3ja manna nefnd til að kanna möguleika á vaxtalækkun hjá bönkum og sjóðum við lántöku til kvótakaupa í einyrkjaútgerð. Hugsanlega með því að standa að útboði til lækkunar á vöxtum þegar lán er veitt til kaupanna.
Greinargerð.
Með hagkvæmum lánum einyrkja til kvótakaupa fengi útgerðin bakland með kvótanum og betri nýtingu á bátum sínum.
48. Reykjanes leggur til að bryggjugjald með strandveiðileyfi verði afnumið.
49. Reykjanes skorar á sveitarstjórnir í landinu að verja veiðirétt strandbyggðanna fyrir óhóflegri gjaldtöku og hugmyndum um að ríkið taka veiðiréttinn eignarnámi og setji hann á uppboð. Reykjanes hafnar öllum slíkum hugmyndum.
50. Reykjanes skorar á stjórnvöld og Alþingi að skoða hvort eignarhald á fiskmörkuðum hér á landi sé með óeðlilegum hætti miðað við eignarhald í

nágrannalöndunum og innan EES svæðisins og teknar verði upp sambærilegar reglur um fiskmarkaði og þar gilda varðandi eignarhald á mörkuðunum og uppgjör við seljendur á fiski.

51. Drangey skorar á Fiskistofu að breyta verklagi við útreikninga gjalda vegna umframafla á strandveiðum, þannig að umframafli verði reiknaður í einu lagi í lok veiðitímabilsins og gjaldið miðist við meðalverð hvers báts á tímabilinu.

Vigtun afla

52. Félag smábátæigenda á Austurlandi leggur til að allar undanþágur til heimavigtunar og eða frávigtnar verði felldar úr gildi og allur afli verði endanlega vigtaður í þeirri höfn sem honum er landað í.

Undanþága á veiðiskyldu

53. Sæljón ályktar að Landssamband smábátæigenda óski eftir því að sjávarútvegsráðherra fái heimildir til að geta veitt undanþágu á veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum eða óhöppum.
54. Snæfell leggur til að við mat á veiðiskyldu smábáta skuli tekið tillit til veikinda og vélabilana.

Eftirlit

55. Strandir mótmælir harðlega öllum hugmyndum um myndavélaeftirlit um borð í smábátum.
56. Snæfell mótmælir harðlega öllum hugmyndum um myndavélaeftirlit utan hafna.
57. Fontur hafnar öllum áformum um eftirlitsmyndavélar um borð í smábátum.
58. Árborg mótmælir harðlega að settar verði upp myndavélar um borð í smábáta.

59. Báran lýsir andstöðu við tillögur um að myndavélar verði settar um borð í smábáta.
60. Reykjanes hvetur Hafrannsóknastofnun til að nýta sér upplýsingar úr afladagbókum sem koma frá smábátum sem veiða með krókum á grunnslóð.

Greinargerð.

Þær upplýsingar mætti nýta til margra þátta við stjórn fiskveiða. Til dæmis stærðar fisks í afla, áhrif annarra veiðarfæra en króka á sömu stöðum.

Loftslagsmál

61. Í ljósi þeirrar gríðarlegu áherslu sem stjórnvöld leggja nú á að vera fremst allra þjóða í loftslagsmálum skorar Smábátafélag Reykjavíkur á yfirvöld að sýna þann vilja í verki með því að efla til muna smábátaútgerðina, þann hluta flotans sem skilur eftir sig minnsta sótsporið við fiskveiðar.

Félagsstarfsemi og skipulag aðalfundar

62. Snæfell vill að eigendur grásleppuleyfa fái að kjósa um það einir á aðalfundi hvort kvótasetja eigi grásleppu.
63. Reykjanes skorar á stjórn LS að hefja viðræður við Hrollaug um hvort félagið hafi áhuga á að koma aftur inn í LS.

Breytingar á samþykktum LS

64. Gerð er tillaga um breytingu á 5. gr. í stað

Komi til þess að félag ákveði að segja sig úr LS skal úrsögnin vera skrifleg og undirrituð af stjórnendum félagsins. Úrsögnin miðast við áramót með minnst 6 mánaða fyrirvara.

orðist greinin svo:

Komi til þess að félag **eða félagsmenn** ákveði að segja sig úr LS skal úrsögnin vera skrifleg, ~~og undirrituð af stjórnendum félagsins.~~ Úrsögnin miðast við áramót með minnst ~~6~~ **3** mánaða fyrirvara.

2. Gerð er tillaga um breytingu á 7. gr. að lokamálsliður falli brott

Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. nóvember eftir nánari ákvörðun stjórnar. Stjórn LS getur boðað aukafund þegar hún telur ástæðu til. Félögin geta krafist aukafundar en til þess þarf minnst 1/4 atkvæða innan sambandsins. ~~Fundinn ber að boða innan 7 daga eftir að krafa berst þess efnis.~~

3. Gerð er tillaga um að í tl. 3 í 13. gr. komi talan 15 í stað 16

Á aðalfundi skal tekið fyrir eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi og rekstur félagsins á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir síðasta reikningsár skal lagður fram til samþykktar, ásamt athugasemdum skoðunarmanna.
3. Kosning ~~16~~ **15** manna stjórnar að fengnum tillögum frá hverju svæðisfélagi.
4. Kosning formanns.
5. Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna.
6. Ákvörðun þóknunar til formanns og stjórnar fyrir störf þeirra á kjörtímabilinu.
7. Tillögur um lagabreytingar sem löglega eru bornar fram sbr. 10. gr.
8. Önnur mál.

4. Gerð er tillaga um að í 14. gr komi talan 16 í stað 17

15. gr.

Stjórn LS skal skipuð ~~17~~ **16** mönnum. Stjórnin skipti með sér verkum, að öðru leyti en getur um í 13. grein. Kjörtímabil stjórnar er á milli aðalfunda, það er um það bil eitt ár.

Fyrir hvern aðalfund LS skal endurskoða fulltrúafjölda svæðisfélaganna, sem tekur mið af fjölda báta sem greitt hefur verið félagsgjald fyrir næstliðið almanaksár. Þrátt fyrir framangreint skulu öll svæðisfélög LS hafa að lágmarki 1 fulltrúa á aðalfundi.

Axel Helgason formaður
Örn Pálsson framkvæmdastjóri